

HAMPIÐJAN 2011



ÁRSSKÝRSLA



HAMPIÐJAN 2011



HLUTHAFAR

Viðskipti eru með blutabréf Hampiðjunnar á samnorræna blutabréfamarkaðnum First North.

STJÓRN

Stjórn Hampiðjunnar kjörin á aðalfundi 8. apríl 2011:



*Bragi
Hannesson,
formaður*



*Árni
Vilhjálmsson*



*Jón Guðmann
Pétursson*




*Kristján
Loftsson*



*Sigurgeir
Guðmannsson*

SKIPURIT SAMSTÆÐU HAMPIÐJUNNAR





ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2011

EFNISYFIRLIT

5	S tarfsemin
11	Á rsreikningur 2011:
12	Skýrsla stjórnar og forstjóra
13	Áritun endurskoðenda
15	Rekstrarreikningur
15	Yfirlit um heildarafkomu
16	Efnahagsreikningur
17	Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
18	Sjóðstreymi
19	Skýringar



REKSTUR OG AFKOMA

Rekstur samstæðunnar á árinu 2011 gekk vonum framar. Í góðri afkomu ársins sló saman ágætum rekstrarhagnaði af hefðbundinni starfsemi, hlutdeild félagsins í góðri afkomu HB Granda og hagnaði vegna sölu einkaleyfa tengdum toghlerum.

Grunnrekstur félagsins gekk vel á árinu. Netaverkstæði samstæðunnar voru öll rekin með rekstrarafgangi og hagnaður var á rekstri verksmiðjunnar í Litháen. Meiri eftirspurn var eftir vörum félagsins á seinni helmingi ársins en við eigum að venjast og munaði þar mest um góða loðnuvertíð og góða sölu á ofurtógi til olíuiðnaðar.

Lykiltölur rekstrarreikningsins eru eftirfarandi:

- Sala samstæðunnar var € 42,4 milljónir (kr. 6,9 milljarðar) og jókst um 9% frá fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður, án óreglulegra liða, var €5,2 milljónir (kr. 834 milljónir), sem var 12% af tekjum ársins, en var €4,2 milljónir árið áður, sem var 10% af tekjum þess árs.

- Aðrar tekjur voru €1,4 milljónir (kr. 227 milljónir), sem var söluhagnaður á einkaleyfum og vöruheitum tengdum toghlerum.
- Fjárliðir, að meðtaldri hlutdeild í afkomu HB Granda, voru €1,9 milljónir (kr. 304 milljónir) til tekna en voru €1 milljón til gjalda árið áður.
- Hagnaður samstæðunnar var €7,3 milljónir (kr. 1.173 milljónir) en var €2,6 milljónir árið áður.

SAMSTÆÐAN

Móðurfélagið rekur netaverkstæði að Skarfagörðum sem sinnir framleiðslu og þjónustu

STARFSEMIN

togveiðarfæra og nóta ásamt því að selja troll- og nótanet, kaðla af ýmsum gerðum, járnvörur og allar gerðir toghlera, sem koma nú frá Thyboron Skibssmedia á Jótlandi. Þá selur móðurfélagið ofurtóg sem er m.a. notað víða í olíuiðnaði, dráttarbatum, skútum og bílum. Hjá móðurfélaginu vistast eignarhlutir í öðrum dótturfélögum ásamt 9,4% eignarhlut í HB Granda hf. Eins og jafnan, sér þess merki í rekstri Hampiðjunnar þegar viðskiptavinum hennar líður bærilega í sínum rekstri. Ágæt sala á karfatrollum fyrir veiðar á úthafskarfa, góð sala á makríl- og síldartrollum, umtalsverð sala á nýjum nótum ásamt góðri sölu á ofurtógi til olíuiðnaðar síðari hluta ársins, skópu gott rekstrarár móðurfélagsins.





Hampidjan Baltic framleiðir trollnet, flottrollskaðla, ýmsar gerðir kaðla og ofurtóg fyrir margskonar notkun. Við framleiðsluna starfa um 200 starfsmenn. Þá rekur félagið netaverkstæði með um 25 starfsmönnum sem forvinna veiðarfæri eftir óskum kaup-


enda sem oftast eru netaverkstæði í föstum viðskiptum. Lunginn af sölu félagsins er til móðurfélagsins og dótturfélaga en hluti er bein sala til viðskiptamanna við Eystrar-saltið. Á árinu keypti félagið stærstu kaðlafléttivél sem smíðuð hefur verið og var hún

sett upp um sl. áramót. Rekstur verksmiðjunnar gekk vel á árinu og skilaði viðunandi afkomu.


Hampidjan HiTec sem staðsett var í Bergen í Noregi var lokað seinni hluta ársins í kjölfar afar ótímabærs andláts lykilstarfsmanns fyrirtækisins, Terje Thomassen. Starfsemi þess var flutt til móðurfélagsins á Íslandi og um mitt ár var Davíð Waage ráðinn sölustjóri vara úr ofurefnum til olúíðnaðar.

Swan Net Gundry sinnir veiðarfæramörkuðum á Írlandi, Skotlandi, Shetlandseyjum og svo á austurströnd Bandaríkjaanna. Hampidjan á ríflega helming hlutafjár. Írland glímur við efnahagsvanda og þar sem framsal aflaheimilda er ekki

Rekstrartekjur samstæðu í mkr.



Rekstrarhagnaður (EBIT) í mkr. án annarra tekna og gjalda





STARFSEMIN

leyft er írski fiskiskipaflotinn umtalsvert of stór fyrir núverandi aflaheimildir og rekstur þeirra því erfiður. Aflaheimildir skoskra fiskiskipa er stunda uppsjávarveiðar eru rýmri og afkoma þeirra betri. Minniháttar tekjusamdráttur varð hjá félaginu og svipaður hagnaður af rekstri og á fyrra ári.

Cosmos Trawl í Danmörku sinnir jöfnum höndum flottrollum, nótum, rækju- og botntrollum og fiskeldi, mest fyrir viðskiptamenn í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð en einnig hefur félagið náð árangri í sölu til austur Rússlands. Sú breyting varð á árinu að Hampiðjan keypti meðeigendur sína út úr fyrirtækinu en þeir áttu 40% eignarhlut. Sala félagsins var

keimlík sölnni á fyrra ári og ágætur hagnaður var á rekstrinum.

Fjarðanet er innlent dótturfélag Hampiðjunnar. Félagið hefur starfsstöðvar á Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Akureyri og Ísafirði. Hampiðjan á ríflega helming hlutafjár. Rekstur Fjarðaneta gekk ágætlega þriðja árið í röð og var hagnaður af rekstri félagsins.


Hampiðjan USA er netaverkstæði í Seattle í Bandaríkjunum og starfsemi þess er að stærstum hluta þjónusta við útgerðir sem veiða ufsa í Beringshafinu. Reksturinn í Bandaríkjunum hefur oft verið þungur á fóðrum en gekk vel á síðasta ári og var með lítilsháttar hagnaði.

Hampiðjan New Zealand er söluaðili á vörum Hampiðjunnar í Eyjaálfu og samhliða starfsstöð í Nelson, rekur félagið netaverkstæði í Timaru sem sér um veiðarfæraþjónustu m.a. fyrir Sanford Seafood, sem er eitt af þremur stórum sjávarútvegsfélögum á Nýja Sjálandi. Fjórða árið í röð var söluaukning hjá félaginu og hagnaður var af rekstri þess.


Hampiðjan Namibia var selt í nóvember. Umfang rekstrarins fór minnkandi og viðskipti fyrirtækisins við verksmiðju samstæðunnar lítil.

Hampiðjan Kanada er netaverkstæði rétt utan við St. Johns á Nýfundnalandi, sem sinnir að stærstum hluta veiðarfæraþjónustu við útgerðir minni rækjubáta. Rekstrartekjur félagsins

Fjárliðir nettó í mkr.



Hagnaður (tap) í mkr.



júkust nokkuð frá fyrra ári og hagnaður var á rekstri þess.

UPPTAKA

HB Grandi hf. er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Félagið gerir út 12 fiskiskip og er með fiskvinnslu á Vopnafirði, Reykjavík og Akranesi. Afkoma þess var góð á síðasta ári og 9,4% hlutdeild okkar, sem jafnan er færð í rekstrarreikning, var umfram það sem búast má við að jafnaði. Eignarhlutur Hampiðjunnar í HB Granda var keyptur árið 1988 á fullu verði í góðri trú og af góðum hug. Þær fréttir sem nú berast um áformaða upp-töku hagnaðar útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja hafa því mikil áhrif á Hampiðjuna, ekki einungis sem mikilvægs birgja margra útgerðarfyrirtækja landsins, heldur líka sem fjár-




festis sem tók lán og lagði í áhættu við að eignast hlut í íslensku útgerðarfyrirtæki.


Uppgrip í íslenskum sjávarútvegi hefur staðið í nokkur ár og fer þar saman gott afurðaverð, lágt raungengi krónunnar og góður afli. Góð makríl- og síldarvertíð ásamt kraftmikilli nýafstaðinni loðnuvertíð minnti þjóðina á hvernig


hún komst í álnir. Kröftugur sjávarútvegur hefur í góðærum mikla burði til tekjumyndunar og gjaldeyrissköpunar. Slíkt góðari fæðir alla útlími hagkerfisins með tekjum sjómanna, landverkafólks, slippa og vélsmiðja, veiðarfæra-gerða, flutningsfyrirtækja, olúfyrirtækja, sölufyrirtækja, tryggingarféлага og tölvu- og tæknifyrirtækja. Stærsta sneið

Arðsemi eigin fjár



Arður af afkomu viðkomandi árs sem hlutfall af nafnverði hlutfjár





STARFSEMIN

makríl, norsk-íslenskri síld og loðnu eru gjafir náttúrunnar en þar er ekki á vísan að róa. Norsk íslenska síldin hvarf 1968 úr íslenski lögsögu í aldarfjórðung. Makrill kom inn í lögsöguna fyrir örfáum árum og stjórnvöld í Noregi og ESB vilja ekki semja um aflahutdeild Íslendinga því þau telja stutt í að hann fari aftur á sínar gömlu slóðir. Þá eru loðnuvertíðir eitt af því sem hvað óvissast er hverju sinni í íslenskum þjóðarbúskap en mun minni óvissa ríkir um kolmunnastofninn því hann hrundi vegna ofveiði og er því ekki nema brotabrot af því sem hann var fyrir örfáum árum.

Að stjórnvöld vilji nú hesthúsa með beinum hætti tímabundið uppgrip sjávarútvegsins mun gera þá undirstöðuáttvinnu- grein þjóðarinnar að ómaga




góðærisins rennur þó í sam- eiginlegan sjóð allra lands- manna í gegnum skatta og skyldur allra þessara aðila.

Því miður er það þó þannig að jafn víst er eins og að nótt fylgir degi að góðærum í sjáv- arútvegi fylgja hallæri. Þann- ig hefur raungengi krónunnar sveiflast svo síðustu áratuginna að ærir óstöðugan og afurða-


verð sjávarútvegs í erlendri mynt sveiflast eftir hagsæld, smekk og valkostum neyt- enda. Erfitt er að sjá fyrir sér að breyting hafi orðið á þeim markaðslögmálum.


Þá sýnir sagan að fiskistofnar sveiflast í stærð og mikilvægir uppsjávarstofnar hverfa reglu- lega og án fyrirvara af Íslands- miðum. Kraftmiklar vertíðir í

Skipting rekstrartekna samstæðunnar



Eiginfjárhlutfall





þegar harðnar á dalnum. Gengisfellingar, bjargræðis-sjóðir og gjaldeyrishöft verður jafn misheppnuð mixtúra í framtíð eins og hún var í fortíð. Fjárfestar munu leita hófanna annars staðar, þar sem hagnaður er ekki gerður upp-tækur, og lánadrottinnar munu kippa að sér hendinni við fjármögnun fjárfestinga og reksturs.

Það er ekki ýkja flókið að skilja að ef fyrirtækjum í sjávarútvegi er gert ókleift að leggja í kornhlöðurnar í góðærum munu þau svelta í hallærum.

Slík stefna laskar þá atvinnugrein sem Íslendingum hefur

síðasta aldarfjórðunginn tekist hvað best upp með að stjórna og eiga mest undir að haldi fullum dampi til framtíðar.

HLUTHAFAMÁL

Viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar á First North hlutabréfamarkaðnum á árinu 2011 námu 3,7 milljónum króna og var meðalgengi nafnverðs 5,11.

Gengi nafnverðs í viðskiptum á árinu lækkaði úr 6,0 í ársbyrjun niður í 4,2 í árslok. Ef þessi viðskiptagengi, að viðbættum útgreiddum arði á sl.



ári, eru notuð til að reikna út raunávöxtun hlutabréfa Hampiðjunnar á árinu, reynist hún neikvæð um 31%.

Í ársbyrjun 2011 voru hluthafar félagsins 239 en voru í árslok 235.

HORFUR

Árið 2011 var þriðja árið í röð sem var hagfellt fyrir Hampiðjuna. Erfitt er að segja til um útlitið fyrir yfirstandandi ár, en salan fer ágætlega af stað.

ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2011

LAGÐUR FRAM Á AÐALFUNDI 27. APRÍL 2012

FYRIR STARFSÁRIÐ

1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2011

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaganna Hampiðjan NewZealand Ltd. á Nýja Sjálandi, Hampiðjan USA Inc. í Bandaríkjunum, SwanNet Gundry Ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku, Hampiðjan HiTec Ropes a/s. í Noregi, Hampiðjan Canada Ltd. í Kanada, Hampiðjan Baltic uab í Litháen, Otter Ultra Low Drag Ltd. Cayman og Fjarðaneta hf. á Íslandi.

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 42,4 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 39 milljónir evra. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 430, en voru 424 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 10,5 milljónum evra, þar af voru 1,8 milljónir evra launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 7,3 milljónir evra en árið áður var hagnaður 2,6 milljónir evra.

Heildareignir samstæðunnar voru 79,5 milljónir evra í árslok. Eigið fé var 46,2 milljónir evra í árslok en af þeirri upphæð eru 5,4 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 58,1% í árslok. Hlutfé félagsins í árslok var IKR 496,6 milljónir eða 5,5 milljónir evra. Síðasta skráða viðskiptagengi með hluta-bréf félagsins á sl. ári var 4,2.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 235 í árslok, en var 239 í ársbyrjun. Í árslok áttu fjórir hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu, en það eru Vogun hf. sem átti 37,9%, Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. sem átti 14,7%, NBI hf. sem átti 11% og bank Nordik P/F sem átti 11% af heildarhlutfé félagsins, aðrir hluthafar áttu minna en 10% eignarhlut.

Stjórn Hampiðjunnar hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra.

Stjórn Hampiðjunnar hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þó er ekki ljóst hvort stjórn félagsins uppfyllir skilyrði í greinum 2.5 og 2.6, en það er mat stjórnar að viðmið þeirra orki tvímælis.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2012 verði greiddur 25% arður af nafnverði hlutafjár til hluthafa, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík 16. mars 2012

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Jón Guðmann Pétursson

Sigurgeir Guðmannsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Hampiðjunnar hf. á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 16. mars 2012

PricewaterhouseCoopers ehf

Kristinn Freyr Kristinsson
Ómar H. Björnsson

REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU

	Skýringar	2011	2010
Sala		42.447	39.001
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(28.896)</u>	<u>(26.689)</u>
Framlegð		13.551	12.312
Rekstrarkostnaður	7	<u>(8.383)</u>	<u>(8.135)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur (-gjöld)		5.168	4.177
Aðrar tekjur (-gjöld)	5	<u>1.405</u>	<u>0</u>
Rekstrarhagnaður		6.573	4.177
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	(1.569)	(1.722)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélags	14	<u>3.452</u>	<u>684</u>
		1.883	(1.038)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi fyrir skatta		8.456	3.139
Tekjuskattur	9	<u>(962)</u>	<u>(493)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta		7.494	2.646
Aflögð starfsemi eftir skatta	10	<u>(227)</u>	<u>(19)</u>
Hagnaður ársins		<u>7.267</u>	<u>2.627</u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		6.983	2.337
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>284</u>	<u>290</u>
		<u>7.267</u>	<u>2.627</u>
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	11	1,46	0,53

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

Hagnaður ársins		7.267	2.627
Rekstrarliðir færðir á eigið fé			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga		(194)	74
Þýðingarmunur vegna aflagðrar starfsemi, færður út		292	0
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		(90)	177
Þýðingarmunur vegna skattaáhrifa		<u>(35)</u>	<u>157</u>
Heildarafkoma ársins		<u>7.240</u>	<u>3.035</u>
Skipting heildarafkomu			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		6.977	3.037
Hluti minnihluta		<u>263</u>	<u>(2)</u>
Heildarafkoma ársins		<u>7.240</u>	<u>3.035</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU

Eignir	Skýringar	2011	2010
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	32.623	32.254
Óefnislegar eignir	13	4.269	4.596
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	14	16.291	13.124
Fjárfestingareignir	15	476	472
Tekjuskattsinneign	20	137	210
		<u>53.796</u>	<u>50.656</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	16	13.665	15.254
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	8.780	8.366
Handbært fé	18	3.305	6.123
		<u>25.750</u>	<u>29.743</u>
Eignir samtals		<u>79.546</u>	<u>80.399</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.536	5.536
Yfirvörðsreikningur hlutafjár		521	521
Aðrir varasjóðir		(207)	(201)
Óráðstafað eigið fé		34.924	28.391
		<u>40.774</u>	<u>34.247</u>
Hlutdeild minnihluta		5.419	5.990
Eigið fé samtals		<u>46.193</u>	<u>40.237</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	19	18.433	21.302
Tekjuskattsskuldbinding	20	2.042	1.747
		<u>20.475</u>	<u>23.049</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	5.635	4.721
Skuldir við lánastofnanir	19	7.243	12.392
		<u>12.878</u>	<u>17.113</u>
Skuldir samtals		<u>33.353</u>	<u>40.162</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>79.546</u>	<u>80.399</u>

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ SAMSTÆÐU

	Hlutafé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hludt. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2010	5.536	521	(901)	26.434	5.992	37.582
Heildarafkoma ársins 2010			700	2.337	(2)	3.035
Arður til hluthafa				(380)		(380)
Staða 31. desember 2010 / 1. janúar 2011	5.536	521	(201)	28.391	5.990	40.237
Heildarafkoma ársins 2011			(6)	6.983	263	7.240
Arður til hluthafa				(450)		(450)
Keypt af minnihluta					(834)	(834)
Staða 31. desember 2011	<u>5.536</u>	<u>521</u>	<u>(207)</u>	<u>34.924</u>	<u>5.419</u>	<u>46.193</u>

SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐU

	Skýringar	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		6.573	4.177
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.709	1.865
Hagnaður fyrir fjárliði (EBITDA)		8.282	6.042
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(1.405)	(39)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		1.050	276
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		7.927	6.279
Innborgaðir vextir og arður.....		379	262
Greiddir vextir.....		(1.545)	(1.170)
Greiddir skattar.....		(111)	(41)
Handbært fé frá rekstri		6.650	5.330
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(614)	(1.455)
Kaup óefnislegra eigna		(114)	(133)
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		39	(146)
Handbært fé til fjárfestinga		(689)	(1.734)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(5.325)	(5.416)
Tekin ný langtímalán		0	8.494
Afborganir langtímalána		(3.004)	(4.389)
Arður greiddur til hluthafa		(450)	(380)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		(8.779)	(1.691)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(2.818)	1.905
Handbært fé í byrjun árs.....	18	6.123	4.218
Handbært fé í lok ársins	18	3.305	6.123

SKÝRINGAR
REIKNINGSSKILAADFERÐIR

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarfagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 16. mars 2012.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, að því undanskildu að afleiðusamningar og skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem tóku gildi 1. janúar 2011 og hafa áhrif á ársreikninginn

Það voru engir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eða túlkanir sem talið er að hafi áhrif á ársreikninginn sem tóku gildi fyrir reikningsárið sem byrjaði 1. janúar 2011.

b) Útgefnir staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi.

Eftirfarandi staðlar og túlkanir á gildandi stöðlum hafa verið gefnir út en höfðu ekki tekið gildi í upphafi reikningsársins þann 1. janúar 2011 og höfðu ekki verið inneiddir fyrir gildistíma sinn:

Staðall/túlkun	Innihald	Gildistökuþími
IAS 19 (endurbætur)	Starfskjör	1. júní 2011
IFRS 9	Fjármálagerningar: Flokkun og mat	1. janúar 2015
IFRS 10	Samstæðurreikningsskil	1. janúar 2013
IFRS 11	Sameiginleg tilhögun	1. janúar 2013
IFRS 12	Skýringar við eignarhluti í öðrum fyrirtækjum	1. janúar 2013
IFRS 13	Mat á markaðsvirði	1. janúar 2013

c) Innleiðing staðla fyrir gildistökuþíma þeirra.

Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistökuþíma þeirra á árinu 2011.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Litið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru allar rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða töpum hlutdeildarféлага eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfspáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfspátt.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félag samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á gengi lok ársins.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, iðnaðarhúsnæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-70 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	16-20 ár
Hugbúnaður	5-10 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er fært niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádragnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söluþegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekens dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádragnum uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er tengjast ýmsum framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfi er fært á kostnaðarverði að frádragnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádragnum uppsöfnuðum afskriftum.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

(d) Þróunarkostnaður

Kostnaður tengdur þróun og viðhaldi veiðarfæra er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Kostnaður, sem er beinlínis tengdur framleiðslu aðgreinanlegra og einstakra veiðarfæra sem samstæðan hefur umráð yfir og mun sennilega mynda efnahagslegan ávinning sem er meiri en kostnaður í meira en eitt ár er færður sem óáþreifanlegar eignir. Beinn kostnaður innifelur starfsmannakostnað vegna veiðarfæraþróunar og viðeigandi hluta tilheyrandi óbeins kostnaðar.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum innfela eignarhluti í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í kröfur og fjáreignir sem haldið er til sölu. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega.

(a) Kröfur

Kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði og ekki stendur til að selja þær. Þær eru meðal veltufjármuna nema samið sé um gjalddaga sem er síðar en 12 mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings. Kröfur eru innifaldar meðal viðskiptakrafna og fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi.

(b) Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar haldið til sölu eru ekki afleiður og hafa ekki verið skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar meðal fastafjármuna nema stjórnendur ætli sér að selja þær innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Fjárfestingar til sölu eru eftir það bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út úr efnahagsreikningi þegar réttindi til sjóðstreymis þeirra eru útrunnin eða þegar samstæðan hefur flutt áhættu og ávinning af fjárfestingunni. Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingar til sölu er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönnum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön fyrir vilnun sem eru sérsniðin til að endurspeglar sérstakar aðstæður útgefandans.

Á sérhverri dagsetningu efnahagsreiknings metur samstæðan hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað í virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðmæti bréfanna hafi lækkað. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlægt úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunartöpp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innfelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttakið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innfalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

Það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum, er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) *Sala á vöru og þjónustu*

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð.

(b) *Vaxtatekjur*

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) *Arðstekjur*

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu (að frádregnum öllum hvatagreiðslum mótteknum frá leigusala) eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjárahættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2011 voru engar umtalsverðar ábyrgðir í gildi, en árið áður voru ábyrgðir 157 þúsund. evrur.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2011 og 2010. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörssdegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2011	2010
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8.780	8.366
Handbært fé	3.305	6.123
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	12.085	14.489

b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Staða 31. desember 2011

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur	25.676	31.972	8.168	3.087	6.734	13.983
Viðskiptaskuldir	5.636	5.636	5.636	0	0	0
	31.312	37.608	13.804	3.087	6.734	13.983

b) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru evrur (EUR) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK og CHF.

Lántaka samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en evrum myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánnum eru aðrir, en af lánnum sem samstæðan tekur í evrum.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta samstæðunnar er aðallega fólgin í fjárfestingu í hlutdeildarfélaginu HB Granda hf.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Félagið stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð og öðrum hlutaðeigandi viðeigandi ávinning og til að viðhalda skipulagi fjármögnunar sem lágmarkar kostnað við fjármögnun.

Félagið getur breytt upphæð arðs sem greiddur er hluthöfum, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárlutfall (fjárhæðir í þúsundum evra):

	2011	2010
Lántökur, langtíma	18.433	21.302
Lántökur, skammtíma	7.243	12.392
Frádregið: Handbært fé	(3.305)	(6.123)
Skuldir nettó	22.371	27.571
Eigið fé	46.193	40.237
Fjármögnun samtals	68.564	67.808
Eiginfjárlutfall	58,07%	50,05%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hlíðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

5. Aðrar tekjur (-gjöld) 2011 2010

Aðrar tekjur (-gjöld) greinast þannig:

Hagnaður (tap) vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna og einkaleyfa	1.405	0
---	-------	---

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál 2011 2010

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

Laun	8.758	8.579
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.775	1.597
	10.533	10.176

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu.	430	424
----------------------------------	-----	-----

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi 2011 2010

Framleiðslukostnaður	6.828	6.346
Annar rekstrarkostnaður	3.705	3.830
	10.533	10.176

7. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig 2011 2010

Sölu -stjórnunar og markaðskostnaður	7.542	6.898
Afskrifaðar viðskiptakröfur	(60)	89
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	503	566
Annar kostnaður	398	582
	8.383	8.135

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) 2011 2010

Vaxtatekjur	173	137
Vaxtagjöld	(1.518)	(1.391)
Gengismunur	(204)	(477)
Söluhagnaður (-tap) hlutabréfa, fenginn arður	(20)	9
	(1.569)	(1.722)

9. Tekjuskattur 2011 2010

Tekjuskattur til greiðslu	573	273
Frestaður tekjuskattur (Skýring 20)	389	220
	962	493

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

Hagnaður fyrir skatta	8.456	3.139
-----------------------------	-------	-------

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	891	417
Varanlegir mismunir	92	123
Nýting á yfirfæranlegu tapi sem ekki hefur verið tekið tillit til	(21)	(47)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>962</u>	<u>493</u>

10. Aflögð starfsemi eftir skatta

Á árinu var dótturfélagið Hampidjan Namibia ltd selt á f. EUR 1.030 þúsund. Einnig var dótturfélaginu Balmar Fios Ida í Portúgal formlega lokað á árinu.

Tekjur og (gjöld) vegn aflagðrar starfsemi greinast þannig:	2011	2010
Rekstrartekjur	851	1.144
Rekstrargjöld	(829)	(1.151)
Tekjuskattur	(8)	(12)
	<u>14</u>	<u>(19)</u>
Hagnaður af sölu eigna	51	0
Uppsafnaður þýðingarmunur færður út	(292)	0
	<u>(227)</u>	<u>(19)</u>

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2011	2010
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	7.267	2.627
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	496.593	496.746
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent)	<u>1,46</u>	<u>0,53</u>

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 3,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á árinu.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2010			
Kostnaðarverð	25.770	14.760	40.530
Uppsafnaðar afskriftir	<u>(2.231)</u>	<u>(6.271)</u>	<u>(8.502)</u>
Bókfært verð	<u>23.539</u>	<u>8.489</u>	<u>32.028</u>
Miðað við 31. desember 2010			
Bókfært verð í 1. janúar 2010	23.539	8.489	32.028
Gengismunir	227	(66)	161
Viðbætur	973	637	1.610
Selt og aflagt	(72)	(45)	(117)
Afskriftir	<u>(337)</u>	<u>(1.091)</u>	<u>(1.428)</u>
Bókfært verð 31. desember 2010	<u>24.330</u>	<u>7.924</u>	<u>32.254</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Staða 1. janúar 2011

Kostnaðarverð	26.986	15.386	42.372
Uppsafnaðar afskriftir	(2.656)	(7.462)	(10.118)
Bókfært verð	<u>24.330</u>	<u>7.924</u>	<u>32.254</u>

Miðað við 31. desember 2011

Bókfært verð í byrjun árs	24.330	7.924	32.254
Gengismunir	43	(64)	(21)
Viðbætur	160	1.989	2.149
Selt og aflagt	(338)	(41)	(379)
Afskriftir	(318)	(1.062)	(1.380)
Bókfært verð 31. desember 2011	<u>23.877</u>	<u>8.746</u>	<u>32.623</u>

Staða 31. desember 2011

Kostnaðarverð	26.854	17.161	44.015
Uppsafnaðar afskriftir	(2.977)	(8.415)	(11.392)
Bókfært verð 31. desember 2011	<u>23.877</u>	<u>8.746</u>	<u>32.623</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2011	2010
Framleiðslukostnaður	1.054	1.102
Annar rekstrarkostnaður	326	326
	<u>1.380</u>	<u>1.428</u>

Alþjóðleg fjármálakreppa hefur óvíða valdið jafn miklum erfiðleikum og í þeim þrem löndum þar sem meginhluti samstæðu Hampiðjunnar er staðsettur, þ.e. á Íslandi, Írlandi og í Litháen. Þó svo almenn rekstrarskilyrði fyrir framleiðsluiðnað hafi á ýmsan hátt batnað, m.a. vegna lækkunar á raungengi íslensku krónunnar og minni kostnaðarþenslu í viðkomandi löndum, hefur skarpur samdráttur í eftirspurn dregið verulega úr markaðsverðmæti ýmissa eigna samstæðunnar, ekki síst atvinnuhúsnæði. Þá hefur aðgengi samstæðunnar að samkeppnishæfri lánsfjármögnun minnkað.

13. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hugbún. og þróunar- kostn.	Samtals
Staða 1. janúar 2010				
Kostnaðarverð	2.577	2.895	1.559	7.031
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(961)	(756)	(1.946)
Bókfært verð	<u>2.348</u>	<u>1.934</u>	<u>803</u>	<u>5.085</u>
Miðað við 31. desember 2010				
Bókfært verð í 1. janúar 2010	2.348	1.934	803	5.085
Gengismunir	(181)	0	4	(177)
Viðbætur	0	82	51	133
Afskriftir	0	(182)	(263)	(445)
Bókfært verð 31. desember 2010	<u>2.167</u>	<u>1.834</u>	<u>595</u>	<u>4.596</u>
Staða 1. janúar 2011				
Kostnaðarverð	2.397	2.976	1.614	6.987
Uppsafnaðar afskriftir	(230)	(1.142)	(1.019)	(2.391)
Bókfært verð	<u>2.167</u>	<u>1.834</u>	<u>595</u>	<u>4.596</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Miðað við 31. desember 2011

Bókfært verð í byrjun árs	2.167	1.834	595	4.596
Viðbætur	0	63	50	113
Selt og aflagt	0	(111)	0	(111)
Afskriftir	0	(206)	(123)	(329)
Bókfært verð 31. desember 2011	<u>2.167</u>	<u>1.580</u>	<u>522</u>	<u>4.269</u>

Staða 31. desember 2011

Kostnaðarverð	2.397	2.890	1.246	6.533
Uppsafnaðar afskriftir	(230)	(1.310)	(724)	(2.264)
Bókfært verð 31. desember 2011	<u>2.167</u>	<u>1.580</u>	<u>522</u>	<u>4.269</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2011	2010
Framleiðslukostnaður	152	196
Annar rekstrarkostnaður	<u>177</u>	<u>249</u>
	<u>329</u>	<u>445</u>

Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýmun hennar og undirliggjandi fastafjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 2 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir 2,5% nafnverðsvexti á fjárflæði í eilífðarvexti. Gerð er 7,0% vegin nafnverðskrafa á fjárflæði fyrir skatta. Um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem fram koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunarstuðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspegla sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýmunartaps á árunum 2011 og 2010.

14. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
HB Grandi hf	9,43%	3.452	16.291

Samandregnar fjárhagsupplýsingar um hlutdeildarfélag í þús. evra:

	2011	2010
Eignir samtals	322.892	303.696
Skuldir samtals	150.187	164.568
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	172.705	139.128
Hagnaður hluthafa móðurfélagsins	36.596	7.254

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Síðasta skráða viðskiptagengi ársins með hluti í HB Granda hf. var 12,6 og er markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar, ef miðað er við það gengi, 12,7 milljónir evrur sem er 3,6 milljónum evra lægra en bókfært er í ársreikningnum.

15. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir á kostnaðarverði greinast þannig:

	2011	2010
Síldarvinnslan hf	175	175
P/F Von	115	115
Thyboron Skibssmedie A/S	182	0
Önnur félög	4	182
	<u>476</u>	<u>472</u>

16. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2011	2010
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	11.881	13.302
Vörur í vinnslu	1.068	1.163
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	716	789
	<u>13.665</u>	<u>15.254</u>

17. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

	2011	2010
Viðskiptakröfur	8.508	8.400
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(363)	(394)
Viðskiptakröfur nettó í árslok	8.145	8.006
Skuldabréf og aðrar kröfur	635	360
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í árslok	<u>8.780</u>	<u>8.366</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 363 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2011	2010
Niðurfærsla í byrjun árs	385	443
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	38	(138)
Breyting niðurfærslu á árinu	(60)	89
	<u>363</u>	<u>394</u>

18. Handbært fé

	2011	2010
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	<u>3.305</u>	<u>6.123</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

19. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	20.605
Skuldir í íslenskum krónum	95
	<u>20.700</u>

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:	Hlutfall	Staða
ISK	0,5%	95
EUR	83,1%	17.205
CAD	4,3%	888
CHF	5,3%	1.091
DKK	6,9%	1.421
	<u>100%</u>	<u>20.700</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

Árið 2012	2.267
Árið 2013	2.246
Árið 2014	2.401
Árið 2015	1.167
Síðar	12.619
	<u>20.700</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	18.433
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda	2.267
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda	4.976
	<u>7.243</u>

20. Frestaður tekjuskattur

Frestuð tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:	2011	2010
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	1.537	1.474
Tekjuskattur á tímabilinu	962	493
Tekjuskattur til greiðslu	(573)	(273)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(21)	(157)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>1.905</u>	<u>1.537</u>

Frestuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	2011	2010
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.370	1.764
Aðrir efnahagsliðir	(116)	(17)
	<u>2.042</u>	<u>1.747</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Frestuð tekjuskattsinnæign greinist þannig á eftirfarandi liði:	2011	2010
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	267
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(137)	(477)
	<u>(137)</u>	<u>(210)</u>

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2011	2010
Viðskiptaskuldir	4.117	3.656
Aðrar skammtímaskuldir	1.518	1.065
	<u>5.635</u>	<u>4.721</u>

22. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Tengdir aðilar með veruleg áhrif:

Samstæðan átti viðskipti á árinu við hlutdeildarfélagið HB Granda hf. og voru viðskiptin við félagið eins og um ótengdan aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórn og stjórnendur:

Laun til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Forstjóri, greidd laun og hlunnindi.....	202	56
Sex framkvæmdastjórnar; greidd laun og hlunnindi.....	562	529
Árangurstengdir bónusar til stjórnenda.....	325	
Samtals	<u>1.089</u>	
Greidd stjórnarlaun og hlutafjäreign stjórnarmanna.....	31	51.720

*Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR

23. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunaryggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 15,9 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 32,7 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja, ásamt hug- og skrifstofubúnaðar 27 milljónum evra og vörubirgða 16,4 milljónum evra.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

24. Ársheimingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársheiminga:

	júlí - des. 2011	jan.-jún. 2011	júlí - des. 2010	jan.-jún. 2010	júlí - des. 2009
Rekstrartekjur	23.899	19.953	17.874	21.127	18.282
Rekstrargjöld án afskrifta	(19.001)	(16.569)	(16.032)	(16.928)	(16.145)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	4.898	3.384	1.842	4.199	2.137
Afskriftir	(850)	(859)	(951)	(914)	(895)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	4.048	2.525	891	3.285	1.242
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.226	430	308	(1.345)	(4)
Hagnaður fyrir skatta	5.274	2.955	1.199	1.940	1.238
Tekjuskattur	(655)	(307)	(171)	(322)	(188)
Hagnaður ársheiminga	4.619	2.648	1.028	1.618	1.050

Tölur í ársheimingayfirliti eru óendurskoðaðar

25. Aðrir varasjóðir

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Samtals
Staða 1. janúar 2010	1.384	(2.285)	(901)
Þýðingamunur ársins		700	700
Staða 31. desember 2010	1.384	(1.585)	(201)
Staða 1. janúar 2011	1.384	(1.585)	(201)
Þýðingamunur ársins		(298)	(298)
Þýðingamunur vegna aflagðrar starfsemi færður út		292	292
Staða 31. desember 2011	1.384	(1.591)	(207)

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

26. Yfirlit yfir dótturfélög

	Eignarhluti	Staðsetning
Hampidjan Baltic UAB	100%	Litháen
Hampidjan HiTec Ropes AS	100%	Noregi
Hampidjan New Zealand LTD	100%	Nýja Sjálandi
Hampidjan Canada LTD	100%	Kanada
Hampidjan USA Inc	100%	Bandaríkjunum
OTTER Ultra Low Drag LTD	100%	Cayman Island
Cosmos Trawl A/S	100%	Danmörku
Swan Net Gundry LTD	55,6%	Írlandi
Fjarðanet hf.	51,0%	Íslandi

Eignarhlutir í dótturfélaginu Hampidjan Namibia var seldur á árinu fyrir 1.030 þúsund EUR og dótturfélaginu Balmar Fios Lda í Portúgal var formlega lokað á árinu.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

HLUTVERK HAMPIÐJUNNAR HF.

- *Að vera leiðandi í sölu og þjónustu á afburða veiðarfærum á mörkuðum sem óska eftir gæðum og hafa efni á þeim.*
- *Að þróa og selja kaðla úr ofurefnum á mörkuðum sem gefa af sér virðisauka vegna vörubrúunar, efnisvals, einkaleyfa eða aðgengis.*
- *Að fjárfesta, með langtíma samstarfsaðilum, í annarri atvinnustarfsemi.*



